

13.11.2020

Þróun á flutningsgjaldskrá Landsnets - áformaðar breytingar á innmötunargjaldi

Landsnet áformar að hluti afl- og orkugjalds vegna úttektar verði færður aftur yfir á innmötun við endurskoðun gjaldskráruppbyggingar fyrirtækisins. Gjaldskráin fer þá aftur í fyrra horf.

Með gjaldskrá nr. 6 og 7, sem tóku gildi á árinu 2007, var tekin upp gjaldskrá í USD fyrir flutning til stórnotenda og afl- og orkugjald fyrir innmötun fært yfir á úttekt. Til að fá skýr skil milli tekna af flutningi til dreifiveitna annars vegar og stórnotenda hins vegar var talið nauðsynlegt að flytja gjald fyrir afl og orku vegna innmötunar yfir á afl og orku í úttekt. Breytingin var á sínum tíma rökstudd með því að þannig fengjust skýrari skil milli tekjumarkna almennrar notkunar og stórnotkunar, auk þess sem unnt var að flytja allar tekjur Landsnets vegna stórnotenda yfir í erlenda mynt.

Um 1% af tekjum Landsnets koma því nú frá vinnsluaðilum í gegnum fast afhendingargjald sem ætlað er að mæta kostnaði við mælingar og annan fastan kostnað tengdan mælingum og reikningagerð. Gjaldið tekur hins vegar ekki mið af kostnaði við fjárfestingar og kerfisstjórnun og veitir vinnsluaðilum því ekki merki um raunverulegan kostnað við innmötun á raforku. Breytingunni er einnig ætlað að koma til móts við framtíðarbreytingar með fjölbreyttari vinnsluaðferðum. Nákvæm útfærsla yfirfærslunnar liggur ekki fyrir á þessu stigi þar sem verið er að skoða kostnað í flutningskerfinu tengdan innmötun, en gera má ráð fyrir að hlutfallið verði á bilinu 15-20%. Áætlað er að tillögur til Orkustofnunar liggi fyrir á fyrsta ársfjórðungi 2021. Tekjur af gjaldi vegna innmötunar í öðrum löndum Evrópu eru allt frá því að vera engar upp í að vera 38%.

Áformin eru liður í endurskoðun á uppbyggingu gjaldskrár Landsnets í samstarfi við erlenda ráðgjafa og með aðkomu hagsmunaaðila. Markmið endurskoðunarinnar er annars vegar að meta áskoranir tengdar gjaldskránni með hagsmunaaðilum og meta þörf á nauðsynlegum breytingum til að tryggja að gjaldskráin þjóni tilgangi sínum og hlutverki og geti aðlagast framtíðaráskorunum. Nánari upplýsingar um endurskoðun gjaldskrárinnar er að finna á heimasíðu Landsnets (<https://www.landsnet.is/vidskipti/vidskipti/vidskiptaumhverfi/throun-a-vidskiptaumhverfi/gjaldskrarstruktur-landsnets/>).